Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Kabiven innrennslislyf, fleyti

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.
- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Kabiven og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Kabiven
3. Hvernig nota á Kabiven
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Kabiven
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Kabiven og við hverju það er notað

Kabiven samanstendur af þriggja hólfa poka sem er í ytri poka. Kabiven inniheldur eftirfarandi næringarefni: amínósýrur (efnisþætti til próteinuppbyggingar), fitu, glúkósa og blóðsaltalausnir. Orku (í formi sykurs og fitu) og amínósýrum er veitt út í blóðrásina þegar þú ert ófær um að neyta hefðbundins matar.

Það er notað sem hluti af rétt samsettri næringargjöf í bláæð ásamt söltum, snefilefnum og vítamínum sem samanlagt uppfylla allar næringarþarfir þínar.

2. Áður en byrjað er að nota Kabiven

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Kabiven:
- ef um er að ræða ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú ert með ofnæmi fyrir vörum sem innihalda **egg, sojabaunir eða jarðhnetur**
- ef þú ert með of mikið af fituefnum (eins og kólesteról) í blóðinu
- ef þú ert með verulega skerta **lifrarstarfsemi**
- ef þú ert í **bráðu losti** (vegna mikils blóðmissis eða ofnæmisviðbragða)
- ef þú ert með **galla í blóðstorkukerfinu** (rauðkornaátsheilkenni) eða ef **blóðið storknar ekki nægilega**
- ef þú ert með sjúkdóm sem veldur því að líkaminn á erfitt með að vinna úr **próteinum eða amínósýrum**
- ef þú ert með slæman **nýrnakvilla**
- ef þú ert með blóðsykurshækkun (**of mikill sykur í blóði**) þar sem þarf að gefa meira en 6 einingar af insúlíni á klukkustund
- ef þú ert með **hækkuð gildi blóðsalta** (sölt) í blóði
- ef þú ert með **blóðsýringu** (sýrustigið í líkamsvessum og vefjum er of hátt)
- ef þú ert með **of mikinn vökva** í líkamanum (ofvökvun)
- ef þú ert með **vökva í lungum** (bráður lungnabjúgur)
- ef þú ert í **dái**

ef þú ert með **hjartasjúkdóm**
- ef þú ert með **vessaþurrð** ásamt lágum gildum af söltum
- ef þú ert með **slæma blóðsýkingu** (ástand þar sem líkaminn er að berjast við alvarlega sýkingu)

Varnaðarorð og varúðarreglur
Leitið ráða hjá lækninum áður en Kabiven er notað ef um er að ræða:
- skerta **lifrarstarfsemi**
- ómeðhöndlaða **sykursýki**
- sjúkdóm þar sem líkaminn á **erfitt með að skilja út fitu** fyllilega
- **nýrnakvilla**
- einhver vandamál tengd **brisi**
- vandamál tengd **skjaldkirtli** – vanvirkan skjaldkirtil
- **blóðsýkingu** (ástand þar sem líkaminn er að berjast við sýkingu)
- ef líkaminn á í erfiðleikum með að losa sig við blóðsölt
- ástand þar sem **ekki er nóg súrefni** í líkamsfrumum
- aukinn osmólarstyrk í sermi

Láttu heilbrigðisstarfsmann tafarlaust vita ef þú færð hita, útbrot, hroll eða öndunarerfiðleika meðan á innrennslinu stendur því þessi einkenni gætu verið ofnæmisviðbrögð eða vegna þess að of mikið lyf hefur verið gefið (sjá kafla 4).

Lyfið getur haft áhrif á niðurstöður annarra rannsókna sem þú ferð í. Mikilvægt er að láta lækninn sem gerir rannsóknina vita að þú sért að nota Kabiven.

Verið getur að læknirinn fylgist reglulega með blóðinu til að ganga úr skugga um að meðferðin með Kabiven sé að virka sem skyldi.

Börn
Ekki má gefa nýfæddum börnum eða börnum yngri en tveggja ára Kabiven.

Notkun annarra lyfja samhliða Kabiven
Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Láttu lækninn vita ef þú notar
- lyf sem nefnist heparín sem er notað til að koma í veg fyrir myndun og til að hjálpa til við að leysa upp blóðtappa
- warfarín, þar sem K1-vítamín, sem er innihaldsefni í sojabaunaolíunni, getur haft áhrif á getu til blóðstorknunar
- insúlín til meðferðar á sykursýki

Meðganga og brjóstagjöf
Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Öryggi notkunar Kabiven á meðgöngu eða við brjóstagjöf hefur ekki verið rannsakað. Ef nauðsynlegt er að gefa næringu í æð á meðgöngu eða á meðan á brjóstagjöf stendur mun læknirinn eingöngu gefa þér Kabiven að undangengnu vandlegu mati.

Akstur og notkun véla
Ekki er búist við að Kabiven hafi áhrif á hæfni þína til aksturs eða stjórnunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og

aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Kabiven

Lyfið er eingöngu gefið með innrennsli í miðlæga bláæð. Skammtur Kabiven og hvaða stærð af poka er notuð fer eftir líkamsþyngd í kílógrömmum og hæfni líkamans til að vinna úr fitu og sykri. Kabiven er gefið með hægu innrennsli á 12-24 klst. tímabili. Læknirinn ákveður rétta skammtinn sem þú eða barnið þitt fáið. Ef til vill verður haft eftirlit með þér meðan á meðferðinni stendur.

Notkun handa börnum
Ekki má gefa nýfæddum börnum eða börnum yngri en tveggja ára Kabiven.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um
Ólíklegt er að of mikið sé gefið af innrennslinu þar sem læknirinn eða hjúkrunarfræðingur hafa eftirlit með þér á meðan meðferðinni stendur. Einkenni ofskömmtunar geta verið ógleði, uppköst, aukin svitamyndun og bjúgur. Einnig hefur verið tilkynnt um blóðsykurshækkun (of mikill sykur í blóði) og truflun á jafnvægi blóðsalta. Ef ofskömmtun verður er hætta á að fá of mikið magn af fitu. Þetta nefnist „fituálagsheilkenni“. Sjá frekari upplýsingar í kafla 4 „Hugsanlegar aukaverkanir“. Láttu lækninn eða hjúkrunarfræðing vita strax ef þú færð einhver af ofangreindum einkennum eða heldur að þú hafi fengið of mikið af Kabiven. Innrennslið verður annaðhvort stöðvað tafarlaust eða því haldið áfram með minnkuðum skammti. Þessi einkenni hverfa yfirleitt þegar hægt er á innrennslinu eða það er stöðvað.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Kabiven getur valdið ofnæmisviðbrögðum (koma örsjaldan fyrir, geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum). Láttu lækninn strax vita ef:
- þú færð upphleypt útbrot með kláða
- þú ert með mjög háan hita
- þú finnur fyrir öndunarerfiðleikum

Aðrar aukaverkanir eru m.a.:

Algengar aukaverkanir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)
- lítillega hækkaður líkamshiti

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)
- kuldahrollur
- þreyta
- magaverkur
- höfuðverkur
- ógleði eða uppköst
- hækkuð gildi lifrarensíma. Læknirinn segir þér frá því ef þetta gerist.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (geta komið fram hjá allt 1 af hverjum 10.000 einstaklingum)
- háþrýstingur eða lágþrýstingur
- öndunarerfiðleikar
- sársaukafull stinning hjá karlmönnum
- vandamál tengd blóði

Fituálagsheilkenni
Þetta getur gerst þegar líkaminn á erfitt með að vinna úr fitu eftir að hafa fengið of mikið Kabiven. Þetta getur líka gerst ef skyndilegar breytingar verða á ástandi þínu (t.d. vandamál tengd nýrum eða sýking). Hugsanleg einkenni eru hiti, hækkuð fitugildi í blóði, frumum og vefjum, truflun á starfsemi ýmissa líffæra og dá. Yfirleitt hverfa öll einkennin ef innrennslið er stöðvað.

Tilkynning aukaverkana
Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Kabiven

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Rétt geymsla, notkun og förgun Kabiven er á ábyrgð læknisins og lyfjafræðingsins á sjúkrahúsinu.
Geymið við lægri hita en 25°C. Má ekki frjósa og geymið ávallt pokann í ytri pokanum.
Ekki skal nota fleytið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiðanum.
Má ekki nota ef pokinn lekur.
Eingöngu einnota. Afgangslausn verður að farga að loknu innrennsli.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Kabiven inniheldur
Kabiven er fáanlegt í þriggja hólfa poka. Hver poki inniheldur mismunandi magn innihaldsefna eftir stærðunum fjórum sem í boði eru.

	2.566 ml	2.053 ml	1.540 ml	1.026 ml
Glúkósi (Glúkósi 19%)	1.316 ml	1.053 ml	790 ml	526 ml
Amínósýrur og blóðsölt (Vamin 18 Novum)	750 ml	600 ml	450 ml	300 ml
Fitufleyti (Intralipid 20%)	500 ml	400 ml	300 ml	200 ml

- Virku innihaldsefnin eru

Hreinsuð sojabaunaolía	100 g	80 g	60 g	40 g
Glúkósueinhýdrat	275 g	220 g	165 g	110 g
samsvarandi glúkósa (vatnsfríum)	250 g	200 g	150 g	100 g
Alanín	12,0 g	9,6 g	7,2 g	4,8 g
Arginín	8,5 g	6,8 g	5,1 g	3,4 g
Asparssýra	2,6 g	2,0 g	1,5 g	1,0 g
Glútamínsýra	4,2 g	3,4 g	2,5 g	1,7 g
Glýcín	5,9 g	4,7 g	3,6 g	2,4 g
Histidín	5,1 g	4,1 g	3,1 g	2,0 g
Ísóleusín	4,2 g	3,4 g	2,5 g	1,7 g
Leusín	5,9 g	4,7 g	3,6 g	2,4 g

Lýsin hýdróklóríð	8,5 g	6,8 g	5,1 g	3,4 g
samsvarandi lýsíni	6,8 g	5,4 g	4,1 g	2,7 g
Metíónín	4,2 g	3,4 g	2,5 g	1,7 g
Fenýlalanín	5,9 g	4,7 g	3,6 g	2,4 g
Prólín	5,1 g	4,1 g	3,1 g	2,0 g
Serín	3,4 g	2,7 g	2,0 g	1,4 g
Treónín	4,2 g	3,4 g	2,5 g	1,7 g
Tryptófan	1,4 g	1,1 g	0,86 g	0,57 g
Týrósín	0,17 g	0,14 g	0,10 g	0,07 g
Valín	5,5 g	4,4 g	3,3 g	2,2 g
Kalsíumklóríð (sem tvíhýdrat)	0,74 g	0,59 g	0,44 g	0,29 g
samsvarandi kalsíumklóríði	0,56 g	0,44 g	0,33 g	0,22 g
Natríum glýcerófosfat (vatnsfrítt)	3,8 g	3,0 g	2,3 g	1,5 g
Magnesíumsúlfat (sem heptahýdrat)	2,5 g	2,0 g	1,5 g	0,99 g
samsvarandi magnesíumsúlfati	1,2 g	0,96 g	0,72 g	0,48 g
Kalíumklóríð	4,5 g	3,6 g	2,7 g	1,8 g
Natríumasetat (sem þríhýdrat)	6,1 g	4,9 g	3,7 g	2,5 g
samsvarandi natríumasetati	3,7 g	2,9 g	2,2 g	1,5 g

- Önnur innihaldsefni eru
  Fosfólípíð úr eggjum, hreinsuð
  Glýseról,
  natríumhýdroxíð
  Ísedik
  Vatn fyrir stungulyf

Lýsing á útliti Kabiven og pakkningastærðir
Glúkósa- og amínósýrulausnirnar eru tærar og litlausar eða fölgular lausnir og fitufleytið er hvítt. Kabiven samanstendur af þriggja hólfa poka og ytri umbúðum (poka). Súrefnisgleypi er komið fyrir milli innri og ytri poka, sem á að farga fyrir notkun. Innri pokinn skiptist í þrjú hólf sem eru aðskilin með rjúfanlegum innsiglum. Innihaldi hólfanna þriggja þarf að blanda saman fyrir notkun, með því að opna rjúfanlegu innsiglin.

Pakkningastærðir:
1 x 1.026 ml, 4 x 1.026 ml
1 x 1.540 ml, 4 x 1.540 ml
1 x 2.053 ml, 4 x 2.053 ml (Biofine)
1 x 2.566 ml, 3 x 2.566 ml (Biofine)

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Fresenius Kabi AB
751 74 Uppsölum
Svíþjóð

Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins undir eftirfarandi heitum:

Belgía	Kabiven
Danmörk	Kabiven
Finnland	Kabiven
Frakkland	Kabiven
Þýskaland	Kabiven
Grikkland	Kabiven

Ísland	Kabiven
Írland	Kabiven
Ítalía	Kabiven
Lúxemborg	Kabiven
Holland	Kabiven
Portúgal	Kabiven
Spánn	Kabiven
Svíþjóð	Kabiven
Bretland	Kabiven

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í febrúar 2024.

<---------->

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum:

Varnaðarorð og varúðarreglur við notkun
Til að koma í veg fyrir hættu sem skapast við of hratt innrennsli er mælt með samfelldu innrennsli undir stöðugu eftirliti, helst með þar til gerðri rúmmálspumpu (volumetric pump).

Þar sem aukin sýkingarhætta er fyrir hendi við alla notkun í miðlægar bláæðar á að gæta ítrustu smitgátar til að forðast hvers konar mengun, einkum þegar hollegg er komið fyrir.

Fylgjast þarf með glúkósa í sermi, blóðsöltum og osmólarstyrk jafnt sem vökvajafnvægi, sýru-basa jafnvægi og prófum á lifrarensímum.

Við minnsta merki eða einkenni um bráðaofnæmi (svo sem sótthita, hroll, útbrot eða andþrengsli) skal samstundis stöðva innrennsli.

Kabiven á ekki að gefa samtímis og í sama innrennslisbúnaði og blóð vegna hættu á sýndarkekkjun.

Lyfjagjöf

Til notkunar í bláæð, innrennsli í miðlæga bláæð.

Bæta á snefilefnum, vítamínum og hugsanlega blóðsöltum (að teknu tilliti til þeirra blóðsalta sem eru þegar fyrir hendi í Kabiven) í Kabiven í samræmi við þarfir sjúklings til þess að mæta heildarnæringarþörf í æð.

Innrennslishraði

Hámarksinnrennslishraði glúkósa er 0,25 g/kg/klst.
Magn amínósýra á ekki að vera meira en 0,1 g/kg/klst.
Magn fitu á ekki að vera meira en 0,15 g/kg/klst.

Innrennslishraðinn á ekki að fara yfir 2,6 ml/kg/klst. (samsvarandi 0,25 g af glúkósa, 0,09 g af amínósýru og 0,1 g af fitu á hvert kíló líkamsþyngdar). Ráðlagður innrennslistími er 12-24 klst.

Varúðarráðstafanir við förgun

Notið ekki ef umbúðir eru skemmdar. Notið einungis ef amínósýru- og glúkósalausnirnar eru tærar og litlausar eða fölgular og fitufleytið hvítt og einsleitt. Innihaldi hólfanna þriggja verður að blanda saman fyrir notkun og áður en nokkur íblöndunarefni hafa farið um íblöndunaropið.

Eftir að innsiglin hafa verið rofin af skal hvolfa pokanum þrisvar sinnum til að tryggja einsleita lausn sem er algjörlega samfelld.

Eingöngu einnota. Afgangslausn verður að farga að loknu innrennsli.

Samrýmanleiki

Upplýsingar liggja fyrir um samrýmanleika við Dipeptiven, Omegaven, Addamel N/Addaven, Glycophos, Addiphos, Vitalipid N fyrir fullorðna/ungbörn og Soluvit N í skilgreindu magni og blóðsaltasamheitalyf í skilgreindum styrk. Þegar blóðsöltum er bætt við skal taka mið af magninu sem þegar er til staðar í pokanum í samræmi við klínískar þarfir sjúklings. Upplýsingar hafa komið fram sem styðja íblöndun við virkjaða pokann í samræmi við samantekt í töflunum hér að neðan:

Lyfið er stöðugt hvað varðar samrýmanleika í 8 daga, þ.e. geymt í 6 daga við 2-8°C og síðan í 48 klst. við 20-25°C.

	Einingar	**Hámarksheildarmagn**			
Stærð poka með Kabiven	ml	1.026	1.540	2.053	2.566
Íblöndunarefni		**Rúmmál**			
Dipeptiven	ml	0 - 200	0 - 300	0 - 300	0 - 300
Addaven/Addamel N	ml	0 - 10	0 - 10	0 - 20	0 - 20
Soluvit N	hettuglas	0 - 1	0 - 1	0 - 2	0 - 2
Vitalipid N fyrir fullorðna/ungbörn	ml	0 - 10	0 - 10	0 - 20	0 - 20
Blóðsaltamörk[1]		**Magn í poka**			
Natríum	mmól	≤154	≤231	≤308	≤385
Kalíum	mmól	≤154	≤231	≤308	≤385
Kalsíum	mmól	≤5	≤7,5	≤10	≤12,5
Magnesíum	mmól	≤5	≤7,5	≤10	≤12,5
Ólífrænt fosfat (Addiphos) EÐA Lífrænt fosfat (Glycophos)	mmól	≤15	≤22,5	≤30	≤37,5

1. felur í sér magn allra lyfja

Lyfið er stöðugt hvað varðar samrýmanleika við Omegaven í 48 klst. við 20-25°C.

	Einingar	**Hámarksheildarmagn**			
Stærð poka með Kabiven	ml	1.026	1.540	2.053	2.566
Íblöndunarefni		**Rúmmál**			
Dipeptiven	ml	0 - 100	0 - 200	0 - 300	0 - 300
Omegaven	ml	0 - 50	0 - 100	0 - 100	0 - 100

Addaven/Addamel N	ml	0 - 10	0 - 10	0 - 10	0 - 10
Soluvit N	hettuglas	0 - 1	0 - 1	0 - 1	0 - 1
Vitalipid N fyrir fullorðna/ungbörn	ml	0 - 10	0 - 10	0 - 10	0 - 10
Blóðsaltamörk[1]		**Magn í poka**			
Natríum	mmól	≤150	≤225	≤300	≤375
Kalíum	mmól	≤150	≤225	≤300	≤375
Kalsíum	mmól	≤5	≤7,5	≤10	≤12,5
Magnesíum	mmól	≤5	≤7,5	≤10	≤12,5
Ólífrænt fosfat (Addiphos) EÐA Lífrænt fosfat (Glycophos)	mmól	≤15	≤22,5	≤30	≤37,5

1. felur í sér magn allra lyfja

Athugið: Þessar töflur eru ætlaðar til að tilgreina samrýmanleika. Þær fela ekki í sér leiðbeiningar varðandi skömmtun.
Ef um er að ræða skráð lyf skal lesa samþykkta lyfjatexta í viðkomandi landi áður en ávísun fer fram.

Hægt er að fá upplýsingar um samrýmanleika mismunandi íblöndunarefna og geymsluþol mismunandi íblöndunarlausna ef óskað er.

Við íblöndun á að viðhafa smitgát.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

Geymsluþol

Geymsluþol eftir blöndun milli hólfa í pokanum
Eftir að innsiglin hafa verið rofin og lausnirnar úr hólfunum þremur hafa blandast, hefur verið sýnt fram á efna- og eðlisfræðilegan stöðugleika við notkun í 48 klst. við 20-25°C að meðtalinni lengd lyfjagjafar. Út frá örverufræðilegu sjónarmiði á að nota fleytið strax. Ef það er ekki notað strax er geymslutími við notkun og geymsluaðstæður fyrir notkun á ábyrgð notanda og eiga venjulega ekki að fara yfir 24 klst. við 2-8°C nema blöndun hafi farið fram með smitgát við stýrðar og gildaðar aðstæður.

Geymsluþol eftir að íblöndunarefnum hefur verið bætt við
Eftir að innsiglin hafa verið rofin og lausnirnar þrjár hafa blandast, má bæta íblöndunarefnum í um þar til gert op.
Sýnt hefur verið fram á eðlisefnafræðilegan stöðugleika þriggja hólfa pokans eftir blöndun við íblöndunarefni í allt að 8 daga, þ.e. í 6 daga við 2-8°C og síðan í 48 klst. við 20-25°C, eða við Omegaven íblöndunarefni í 48 klst. við 20-25°C, að meðtalinni lengd lyfjagjafar. Út frá örverufræðilegu sjónarmiði á að nota fleytið strax og íblöndunarefnum hefur verið bætt við. Ef það er ekki notað strax er geymslutími við notkun og geymsluaðstæður fyrir notkun á ábyrgð notanda og á venjulega ekki að fara yfir 24 klst. við 2-8°C nema blöndun hafi farið fram með smitgát við stýrðar og gildaðar aðstæður.

Notkunarleiðbeiningar fyrir Kabiven

Pokinn



1. Hök í ytri poka
2. Handfang
3. Gat til að hengja pokann upp
4. Innsigli sem hægt er að fletta af
5. Lokað op (eingöngu notað við framleiðslu)
6. Íblöndunarop
7. Innrennslisop
8. Súrefnisgleypir

1. Ytri poki fjarlægður



- Til að fjarlægja ytri pokann á að halda honum uppréttum og rífa hann frá hakinu meðfram efri brún, nálægt opunum (A).
- Síðan er rifið eftir langhlið ytri pokans, hann dreginn af og fargað ásamt súrefnisgleypinum (B).

2. Blöndun







- Setjið pokann á sléttan flöt.
- Rúllið pokanum þétt saman frá handfanginu í átt að opunum með hægri hönd og þrýstið síðan þétt á hann með vinstri hönd þar til lóðréttu innsiglin rofna vegna vökvaþrýstingsins. Einnig er hægt að opna innsiglin með því að fletta þeim opnum áður en ytri pokinn er fjarlægður.

Athugið: Vökvarnir blandast auðveldlega þótt lárétta innsiglið opnist ekki.



- Blandið innihaldi hólfanna þriggja með því að hvolfa pokanum þrisvar þar til vökvarnir hafa blandast til fulls.

3. Undirbúningi lokið:



- Setjið pokann aftur á sléttan flöt. Skömmu áður en íblöndunarefnum er bætt í á brjóta innsiglið með örinni af hvíta íblöndunaropinu (A).

Athugið: Himnan í íblöndunaropinu er dauðhreinsuð.

- Haldið um íblöndunaropið næst pokanum. Stingið nálinni í mitt opið og dælið íblöndunarefnunum (sem vitað er að samrýmast lausninni) inn í pokann (B).
- Blandið vandlega eftir að hverju efni hefur verið blandað í pokann með því að hvolfa honum þrisvar. Notið sprautur með nálum af stærð (gauge)18-23, að hámarki 40 mm að lengd.



- Skömmu áður en innrennslisbúnaðurinn er tengdur á að brjóta innsiglið með örinni af bláa innrennslisopinu (A).

Athugið: Himnan í innrennslisopinu er dauðhreinsuð.

- Notið innrennslisbúnað án þrýstijöfnunar (non-vented) eða lokið loftunaropinu á búnaðinum ef hann er með þrýstijöfnun.
- Haldið um innrennslisopið næst pokanum.
- Þrýstið oddinum inn um innrennslisopið. Stinga á oddinum alla leið inn til að tryggja að hann sé tryggilega festur.

Athugið: Innri hluti innrennslisopsins er dauðhreinsaður.

4. Pokinn hengdur upp



- Hengið pokann upp á gatinu undir handfanginu.